

Lögboðin ábyrgðatrygging ökutækis



Helstu upplýsingar um trygginguna (IPID)

VÍS | Ármúla 3, Reykjavík | vis.is

Skilmáli BA10

Hér eru **helstu upplýsingar** um trygginguna. Þetta eru **ekki tæmandi** upplýsingar, en þú getur kynnt þér trygginguna enn betur með því að lesa skilmála hennar á **vis.is** ásamt frekari upplýsingum um hana.

Hvernig trygging er þetta?

Ábyrgðartrygging er lögboðin þannig að svo lengi sem ökutækið er í notkun, þarf slík trygging að vera til staðar. Hún tekur á þeim tjónum sem aðrir verða fyrir af völdum notkunar ökutækisins. Slysathrygging ökumanns og eigenda er innifalin í tryggingunni.



Hvað bætir tryggingin?

✓ Tryggingin bætir tjón sem notkun ökutækis veldur öðrum.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón sem verður á ökutækinu sjálfu.
- ✗ Tjón sem notkun ökutækis veldur á munum og húsnæði eiganda eða ökumanns ökutækis.
- ✗ Líkamstjón sem þú eða ökumaður verðir fyrir ef rekja má slys til meiriháttar gáleysis eða ásetnings ökumanns.
- ✗ Tjón sem verður í viðurkenndri aksturskeppni.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

! Tryggingin bætir ekki tjón sem beint eða óbeint hlýst af völdum náttúruhamfara.



Hvar gildir tryggingin?

- Á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss.



Hverjar eru mínar skyldur?

- Ökumaður skal hafa viðeigandi réttindi og almenna kunnáttu sem krafist er til að aka því.
- Ökumaður skal aldrei vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við akstur, né annarra örvandi eða deyfandi efna.
- Ástand, notkun og viðhald verður að vera í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
- Bíllinn uppfylli opinberar kröfur um gerð, ástand og búnað.



Hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

- Við bjóðum upp á ýmsa valmöguleika, til dæmis er hægt að dreifa greiðslum á 12 mánuði.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- Tryggingin tekur gildi frá þeim degi sem við samþykkjum hana. Tryggingin endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp eða óskað er eftir niðurfellingu vegna númera innlagnar.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er með sannanlegri uppsögn.